

Hafnarfirði 09.11.2018

Efni: Fyrirspurn fulltrúa Samfylkingarinnar í Fjölskylduráði um þróunarreit sem úthlutað var til Bjargs Íbúðafélags

Nýverið var Bjargi Íbúðafélagi úthlutað þróunarreit fyrir 150 íbúðir við Hamranes á svæði sem ekki hefur verið skipulagt. Í viljayfirlýsingu Hafnarfjarðar og ASÍ frá 2016 kom fram að Hafnarfjarðarbær myndi hafa ráðstöfunarrétt að 25% þeirra íbúða sem byggðar yrðu samkvæmt því samkomulagi. Á þeim þróunarreit fyrir 150 íbúðir sem nú hefur verið úthlutað hversu hátt verður hlutfall þeirra íbúða sem Hafnarfjarðarbær mun hafa ráðstöfunarrétt yfir? Hvenær má búast við því að framkvæmdir á vegum Bjargs Íbúðafélags hefjist á þróunarreitnum og hvenær má búast við því að íbúðirnar verði kynntar til úthlutunar.

Árni Rúnar Þorvaldsson
Fulltrúi Samfylkingarinnar